

Miðvikudaginn 29. september 1993.

Nr. 390/1993. **Lögreglustjórnin í Reykjavík**

gegn

Bjarna Hrafnkelssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. A-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 23. september 1993, sem barst réttinum sama dag. Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði ómerktur, en til vara, að hann verði felldur úr gildi. Til þrautavara krefst hann þess, að gæsluvarðhaldstíminn verði stytur. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Ómerkingarkrafa varnaraðila er á því byggð, að varnaraðili eigi varnarþing í Hafnarfirði og að nauðsynjalaus hafi verið fyrir rannsóknara að draga til kvölds 22. september að leggja fram kröfu um gæsluvarðhald, sem löngu áður hljóti að hafa verið búið að ákveða að gera. Sóknaraðili hefur þá skýringu gefið, að þegar krafan um gæsluvarðhald hafi verið lögð fram um kvöldið 22. september, hafi enginn dómari verið tiltækur í Héraðsdómi Reykjanes. Með vísan til 1. mgr. 22. gr. laga nr. laga nr. 19/1991 verður krafa varnaraðila um ómerkingu ekki tekin til greina.

Í skjölum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, kemur fram, að tveir þeirra, sem grunaðir eru um fíkniefnamisferli það, sem hér er ræðir, hafa lýst hlut varnaraðila að brotum þeirra. Með vísan til þessa og til forsendna hins kærða úrskurðar að öðru leyti ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 23. september 1993.

Lögreglan í Reykjavík hefur krafist þess, að Bjarna Hrafnkelssyni, kt. 050572-5369, með lögheimili að Fjóluhvammi 5, Hafnarfirði, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 15. október nk.

Hinn 19. september 1993 var Lydía Einarsdóttir handtekin í Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkflugvelli, er hún var að koma frá Amsterdam. Á henni fundust pakkar, sem í voru um tvö kg af hassi. Sigurður Ólason, sambýlismaður Lydíu, var úrskurðaður í gæsluvarðhald 20. september sl., en hann viðurkendi fyrir lögreglu að eiga aðild að innflutningi þessum með Lydíu. Lögreglan telur ýmislegt benda til þess, að kærði hafi átt aðild að kaupum fikniefnanna erlendis og því að smygla þeim til landsins. Í kröfugerð lögreglu kemur fram, að kærði hafi farið utan með sömu flugvél og Lydía, en hún hafi greint frá því, að hún kannist við kærða og að hún hafi hitt hann og Gunnar Björnsson og skemmt sér með þeim í Amsterdam. Kærði neitar hins vegar með öllu að kannast við Lydíu og kvaðst fyrir réttinum aldrei hafa séð hana, en fyrir liggur í málinu, að Lydía og kærði ásamt Gunnari Birni Björnssyni fóru öll til Amsterdams með sömu flugvél og dvöldust á sama hóteli í Amsterdam. Í fórum Lydíu fannst miði með skilaboðum til aðila í herbergi nr. 10 á sama hóteli og hún dvaldist á í Amsterdam. Við eftirgrennsan lögreglu kom í ljós, að Gunnar Björn Björnsson var skráður í þetta herbergi og með honum í herbergi var kærði, Bjarni.

Kærði hefur áður komið við sögu hjá áfengis- og fikniefnadeild lögreglunnar.

Í kröfugerð lögreglu kemur fram, að áður en kærði fór í ofangreinda ferð til Amsterdams, hafi lögreglunni borist upplýsingar þess efnis, að kærði og Gunnar Björn Björnsson hygðu á ferð til útlanda og líklegt væri, að fikniefni yrðu keypt í ferðinni og að einhver kona myndi sjá um að koma þeim til landsins.

Brot það, er kærði er grunaður um, getur varðað hann fangelsi skv. lögum nr. 65/1974. Rannsókn máls þessa er hvergi nærri lokið, og grunur leikur á, að fleiri aðilar kunni að tengjast máli þessu, bæði kaupum erlendis og dreifingu hér heima.

Með vísan til alls ofangreinds, rannsóknargagna málsins og þess, að hætta þykir á, að kærði kunni að torvela rannsókn málsins, ef hann verður látinn laus, ber samkvæmt a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 að taka til greina þá kröfu lögreglustjórans í Reykjavík, að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en til 29. september nk. kl. 16.00.

Úrskurðinn kvað upp Ingveldur Einarsdóttir, fulltrúi dómstjóra.

1619

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Kærði, Bjarni Hrafnkelsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00
miðvikudaginn 29. september 1993.
